



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík  
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 21. september 2022

**Mosfellsbær**  
**Bt. bæjarstjóra**  
**Þverholti 2**  
**270 Mosfellsbær**

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

**Græni stígurinn ofan höfuðborgarsvæðisins**

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2. – 4. september 2022, hvetur sveitarfélög, SSH-Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Innviðaráðuneytið til að hrinda í framkvæmd gerð Græna stígsins ofan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við skógræktarfélög á svæðinu. Græni stígurinn þarf að fara inn í viðræður sem hafnar eru milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033.*

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Innviðaráðuneytið, Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis